

# Reglur og erindisbréf fyrir ungmennaráð Húnaþings vestra

## 1. gr.

Ungmennaráð er umræðu- og samstarfsvettvangur ungmenna á aldrinum 13 til 25 ára í Húnaþingi vestra og er sveitarstjórn ráðgefandi um málefni er tengjast ungu fólki í sveitarfélaginu.

## 2. gr.

Ungmennaráð gerir tillögur og/eða sendir erindi til viðkomandi fagnefnda sveitarfélagsins eða beint til sveitarstjórnar um þau mál sem ráðið telur tengjast hagsmunum og aðstæðum ungmenna í Húnaþingi vestra. Eins tekur ungmennaráð til umfjöllunar þau mál sem fagnefndir sveitarfélagsins eða sveitarstjórn sendir ráðinu til umsagnar eða umfjöllunar. Fundargerðir ungmennaráðs skal senda sveitarstjórn til umfjöllunar og afgreiðslu.

## 3. gr.

Ungmennaráð fylgist með því, eins og við á, að stofnanir og svið sveitarfélagsins vinni með hagsmuni ungs fólks að leiðarljósi. Þannig er leitast við að efla umfjöllun sveitarstjórnar um málefni er tengjast ungu fólki.

## 4. gr.

Helstu markmið ungmennaráðs eru eftirfarandi:

1. Að vera umræðu- og samstarfsvettvangur ungmenna í Húnaþingi vestra.
2. Að koma tillögum og skoðunum ungmenna til skila til viðeigandi aðila í stjórnkerfi sveitarfélagsins.
3. Að vera sveitarfélaginu til ráðgjafar um málefni ungs fólks í sveitarfélaginu.
4. Að gera ákvarðanatöku í málefnum ungmenna sýnilegri og gegnsærri og auka tengsl fulltrúa ungmenna og sveitarstjórnar.
5. Að gæta hagsmuna ungs fólks í sveitarfélaginu.
6. Að þjálfa ungmenni í sveitarfélaginu í lýðræðislegum vinnubrögðum.

## 5. gr.

Ungmennaráð tekur til umfjöllunar þau mál sem sveitarstjórn og nefndir sveitarfélagsins óska eftir hverju sinni og önnur mál sem ráðið telur nauðsynlegt að fjalla um í samræmi við hlutverk og markmið ráðsins.

## 6. gr.

Ungmennaráð er skipað 5 aðalfulltrúum og 5 til vara sem kosnir eru til setu í ráðinu eitt ár í senn. Eftirtaldir tilnefni aðal- og varafulltrúa til setu í ráðinu og eigi tilnefningin sér stað fyrir 15. september ár hvert.

- Nemendaráð Grunnskóla Húnaþings vestra tilnefni 1 aðalfulltrúa og 1 til vara.
- Framhaldsdeild Fjölbrautarskóla norðurlands vestra á Hvammstanga tilnefni 2 aðalfulltrúa og 2 til vara.
- USVH tilnefni 1 aðalfulltrúa og 1 til vara.
- Æskulýðsstarf Hvammstangakirkju tilnefni 1 aðalfulltrúa og 1 til vara.

## 7.gr.

Starfstími ungmennaráðs skal vera frá 15. september til 31. maí, ár hvert. Ungmennaráð fundar að jafnaði mánaðarlega og skal fyrsti fundur ráðsins vera í september. Íþróttá- og tómstundafulltrúi boðar fyrsta fund ráðsins. Á fyrsta fundi skal ráðið skipta með sér verkum og kjósa formann, varaformann og ritara. Heimilt er að kalla saman fund óski fulltrúar í ungmennaráði sérstaklega eftir því. Ungmennaráð fundar með sveitarstjórn Húnaþings vestra einu sinni á hverju starfsári, að jafnaði á vorin.

## 8. gr.

Íþróttá- og tómstundafulltrúi er starfsmaður ungmennaráðs og situr fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt. Heimilt er að boða aðila á fundi ráðsins til viðræðna um tiltekin mál. Sveitarstjóri, oddviti og formaður byggðarráðs Húnaþings vestra hafa seturétt á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétt.

## 9. gr.

Starfsmaður ráðsins í samráði við formann ráðsins boða til fundar með dagskrá. Í fundarboði skal tilgreina þau erindi sem taka skal á dagskrá og skulu öll nauðsynleg gögn fylgja fundarboðinu sem sent er út með rafrænum hætti. Dagskrá skal send til fundarmanna í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir fund. Hægt er að boða til fundar með styttri fyrirvara með samþykki allra nefndarmanna og skal það bókað í upphafi fundar. Óski fulltrúi í ráðinu eftir að taka erindi á dagskrá skal hann tilkynna starfsmanni ráðsins það skriflega eða með rafrænum hætti og greina efni þess svo og að leggja fram þau fylgigögn sem nauðsynleg eru í því sambandi eigi síðar en þremur dögum fyrir fund. Heimilt er að taka mál til meðferðar í ungmennaráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Skal það gert í upphafi fundar og þarfnast það samþykkis 2/3 hluta atkvæða. Þó er skylt

að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver nefndarmaður óskar þess. Erindi skulu tekin til umræðu og afgreidd í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema formaður eða ungmennaráð ákveði annað. Afl atkvæða ræður úrslitum við afgreiðslu erinda á fundum ungmennaráðs. Formaður í samstarfi við starfsmann og ritara sér um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók og í tölvu og að allar samþykktir séu bókaðar nákvæmlega.

#### **10. gr.**

Um ritun fundargerða ungmennaráðs gilda sömu reglur og um ritun fundargerða fastanefnda Húnaþings vestra.

#### **11. gr.**

Fulltrúum í ungmennaráði er skylt að sækja alla fundi. Sé fulltrúi forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna forföllin til starfsmanns ráðsins og jafnframt skal hann boða varamann sinn á fund. Fulltrúar í ungmennaráði skulu gæta þagnarskyldu um það, sem þeir fá vitneskju um í störfum sínum og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst áfram eftir að fulltrúi lætur af störfum í ungmennaráði. Þetta ákvæði á einnig við um starfsmenn ungmennaráðs.

#### **12. gr.**

Formaður ungmennaráðs hverju sinni er í forsvari fyrir ungmennaráð um tillögur og áherslur þess eftir því sem við á.

#### **13. gr.**

Greiða skal þóknun fyrir hvern fund í ungmennaráði skv. ákvörðun sveitarstjórnar hverju sinni. Þóknunin er greidd út í desember og júní.

#### **14. gr.**

Samþykkt þessi tekur gildi með staðfestingu sveitarstjórnar þann 15. nóvember 2012.